

tegund af skynsemi, sem til er. Skynjunin, lægsta tegund skynseminnar gefur skilningnum efni í þekkingu, en þetta efni er samit sem áður ekki með öllu óunnið þegar hún skilar því af sér. Skynsemin hefir þá eiginleika að skynja hinn ytri heim og hafa meðvitund um alla þá viðburði, sem eru innan sáarlífs mannsins samkvæmt háttum, sem henni eru meðskapaðir. Þessir hættir eru tveir, rúm og tími. Alt það sem er í umheimi mannsins er í rúmi, og alt það sem á sér stað í meðvitund hans er í tíma. Tími og rúm eru þess vegna fyrir fram ákveðnar sannreyndir, skynseminni meðfæddar og ófráskiljanlegar. Kant sannar þetta með því að sýna fram á, að maður hefði altaf meðvitund um rúm, þó alt, sem í því er væri tekið í burtu. Rúmið sjálft er ekki einn af hlutunum, sem skynjaðir eru, það er skilyrði, sem gerir skynjun hlutanna mögulega. Þess vegna á það sér hvergi stað nema í skynseminni sjálfri. Einsog alt, sem tilheyrir umheiminum, er í rúmi, svo einnig er alt, sem í meðvitundinni á sér stað í tíma; það á sér stað hvað á eftir öðru en ekki hvað samhliða öðru. Tíminn, einsog rúmið, er hvergi til nemia í skynseminni, Hann er ekkert í sjálfu sér og hann tilheyrir ekki viðburðunum. Þó þeir hyrfu allir snögglega úr meðvitundinni mundi tíminn samt verða þar eftir. Tími og rúm eru þá eiginleikar skynseminnar, henni meðskapaðir. Og þegar skilningurinn tekur við þekkingarefninu af skynjuninni hefir þetta tvent, tími og rúm bæzt við. Með öðrum orðum: efnið er hálft unnið.

Skilningurinn vinnur úr efni skynjunarinnar þekkingu, og í því starfi fylgir hann vissum fyrir fram ákveðnum lögum og reglum. Þessar hugsanareglur nefnir Kant yfirreynzlulega rökfræði (transcendental Logik). Í þessari rökfræði á hvorki innihald þess, sem skynjað er né heldur heimfærsla þess til nokkurrar notkunar heima. Hin yfirreynzlulega rökfræði skiftist í tvent: sundurliðandi rökfræði (Analytik), sem inniheldur lög dómgreindarinnar og hina uppbyggjandi rökfræði (Dialektik), sem inniheldur lög hinnar hæstu skynsemi.